**Byggðastofnun**
**Þróunarsvið**

Alþingi
Erindi nr. Þ 138/266
komudagur 25.11.2009

Dagsetning
*24.11.2009*

Samgöngunefnd Alþingis
Alþingishúsinu við Austurvöll
150 Reykjavík

Samgöngunefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Byggðastofnunar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um vitamál nr. 132/1999, mál 74 og frumvarp til landflutningalaga, mál 58.

Hlutverk Byggðastofnunar er að vinna að eflingu byggðar og atvinnulífs á landsbyggðinni og miðast eftirfarandi umsögn við áhrif tillagnanna á þá þætti. Ekki hefur verið fjallað um umsögnina í stjórn stofnunarinnar.

Byggðastofnun gerir ekki athugasemdir við ofangreind frumvörp. Stofnunin fagnar því sem fram kom í umræðum um frumvarp til landflutningalaga að vegstyttingar hafi leitt til lækkunar flutningstaxta milli höfuðborgarsvæðisins og Ísafjarðar. Þá finnst Byggðastofnun jákvætt að strandsiglingar skuli vera til skoðunar í samgönguráðuneytinu, með það að markmiði að lækka flutningskostnað til og frá landsbyggðinni.

Virðingarfyllst

Guðmundur Guðmundsson
*Sérfræðingur á þróunarsviði Byggðastofnunar*